

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Snæfellsbæ.

Deiliskipulag á hluta lands Gíslabæjar á Hellnum.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar 5. maí 2022 nýtt deiliskipulag fyrir ferðaþjónustu á Gíslabæ, Hellnum. Skipulagssvæðið liggur á reit VP-6 í aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 og er á náttúruminjaskrá, svæði nr. 223, utanvert Snæfellsnes. Svæðið liggur auk þess að friðlýstri strönd, ströndinni við Stapa og Hellna, sem var friðlýst árið 1988. Allar framkvæmdir verða háðar samráði við Umhverfisstofnun. Sýna skal umhverfi fyllstu tillitsemi við framkvæmdir. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir allt að 1.000 m² íbúðahóтели með lágmarks veitingaþjónustu neðan Akravegar og 8 gestahúsum ofan vegar, hvert hús verði með allt að 40 m² brúttó gólfplöt.

Deiliskipulag Gamla kaupstaðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar 5. maí 2022 nýtt deiliskipulag fyrir þrjár lóðir fyrir frístundahús, en ein lóðin er þegar byggð. Lóðirnar eru á 15,5 ha reit F-20 í aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015–2031. Heildar byggingarmagn á hverri lóð má verða allt að 140 m² að brúttó gólfplati. Svæðið liggur að Búðaósi sem og friðlandi handan óssins og verði haft samráð við Umhverfisstofnun vegna framkvæmda.

Deiliskipulag iðnaðarsvæðis á Rífi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar 5. maí 2022 nýtt deiliskipulag fyrir athafnasvæði Snæfellsbæjar og þrjár 3.000 m² iðnaðarlóðir. Á hverri iðnaðarlóð má reisa byggingu með allt að 1.800 m² brúttó gólfplöt. Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag Snæfellsbæjar 2015-2031 og er á reit I-2.

Deiliskipulag Hraunbala úr landi Miðhúsa.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar 1. júlí 2022 nýtt deiliskipulag fyrir níu 7.500 m² lóðir fyrir frístundahús, en þrjár af lóðunum eru þegar byggðar. Deiliskipulag var auglýst árið 1996, en öðlaðist aldrei gildi. Lóðirnar eru á reit F-26 í aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015–2031. Heildar byggingarmagn á hverri lóð má verða allt að 140 m² að brúttó gólfplati. Svæðið er á náttúruminjaskrá og liggur að Búðahrauni sem er friðland. Allar framkvæmdir eru háðar samráði við Umhverfisstofnun.

Breyting deiliskipulags Brekkunnar í Ólafsvík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar 3. febrúar 2022 breytingu deiliskipulags fyrir hluta Brekkunnar í Ólafsvík á svæði ÍB-4 í aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031. Breytingin felur í sér fækkun lóða og botnlanga. Eftir breytingu verða aðeins 11 einbýlishús á svæði sem breyting tekur til, en fyrir breytingu voru þar 12 lóðir fyrir einbýlishús og raðhúsaloðir fyrir fjórar íbúðir.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið meðferð skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Snæfellsbæ, 4. júlí 2022.

Lilja Ólafardóttir bæjarritari.